



Framtíðin

Stefna um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030



- ▶ Stefnan
- ▶ Innleiðing
- ▶ Tímamót
- ▶ Aðgerðir:
 - 1 Framboð og inntak
 - 2 Rekstrar- og starfsumhverfi
 - 3 Mannauður sem undirstaða
 - 4 Rannsóknir og þróun
- ▶ Gildissvið

| Stjórnarráð Íslands
| Mennta- og barnamálaráðuneytið

Stefnan

Stefnan er að tryggja öllum börnum og ungmennum fjölbreytt og framúrskarandi tómstunda- og félagsstarf með virka þátttöku að leiðarljósi.

Með stefnunni byggir tómstunda- og félagsstarf á gagnreyndri þekkingu og traustum rekstrargrunni, er faglegt, öruggt og aðgengilegt fyrir alla og lögð er áhersla á að ná til jaðarsettra hópa og auka þátttöku þeirra. Stjórnvöld og samfélagið viðurkenna mikilvægi tómstunda- og félagsstarfs og menntunargildi þess, laga- og rekstrarrámmi starfsins er skýr og vettvangurinn er áhugaverður fyrir bæði starfsfólk og öfluga sjálfboðaliða.

Stefnan snýst um tilgang, inntak, fyrirkomulag og umgjörð tómstunda- og félagsstarfs barna og ungmenna. Stefna og markmið eru sett fram fyrir helstu þætti þess. Með stefnunni eru dregin fram þau atriði sem mikilvægt er að forgangsraða á næstu árum til að stuðla að uppbyggilegri framþróun í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna.

Í fjölbreyttu og spennandi tómstunda- og félagsstarfi sköpum við tækifæri til virkrar þátttöku fyrir öll börn og ungmenni.

Innleiðing

Stefnan er innleidd með aðgerðaáætlun til þriggja ára í senn. Hún verður endurmetin árið 2025.

Framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðuneytisins í samstarfi við Æskulýðsráð, Umboðsmann barna, Samband íslenskra sveitarfélaga og annarra sem vinna með börnum og ungmennum.

Stefnunni er skipt í eftirfarandi fjórar aðgerðir í tómstunda- og félagsstarfi:

1. Framboð og inntak
2. Rekstrar- og starfsumhverfi
3. Mannauður sem undirstaða
4. Rannsóknir og þróun.





Lýðræði er síbreytilegt, það mótast og þróast og tekur mið af aðstæðum og kynslóðum hverju sinni. Til þess að lýðræði megi halda áfram að þróast og dafna þurfa börn og ungmenni að eiga hlutdeild í samfélaginu og vera virkir þátttakendur. Þar er gildi skipulags tómsunda- og félagsstarfs ótvírætt, sem og forvarnarhlutverk þess. Með skipulögðu starfi fá börn og ungmenni tækifæri til að taka þátt á sínum eigin forsendum, þroskast í öruggu umhverfi og styðja um leið við þau grunngildi sem þátttaka í lýðræðissamfélagi felur í sér.

Helstu áherslur til ársins 2030:

- Endurskoðun æskulýðslaga nr. 70/2007
- Fagleg gæðaviðmið í tómsunda- og félagsstarfi barna og ungmenna
- Þjónustuvettvangur tómsunda- og frístundastarfs
- Efling rannsókna á sviði tómsunda- og félagsstarfs barna og ungmenna.

Tímamót

Stefna um tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna markar ákveðin tímamót í sögu æskulýðsmála á Íslandi og er vegvísir til framtíðar um það sem mennta- og barnamálaráðuneytið hyggst leggja áherslu á til að styðja við félags- og tómsundastarf til ársins 2030. Ráðuneytið í samstarfi við Æskulýðsráð leiddi stefnumótunina og var stefnan unnin í víðtæku samráði við börn, ungmenni og aðra hagsmunaaðila. Stefnudrögin og aðgerðaáætlunin fengu jákvæð viðbrögð í samráðsgátt stjórnvalda og voru gagnlegar ábendingar nýttar til að bæta stefnuna.

Árið 2007 voru sett lög um æskulýðsstarf, sem leystu eldri æskulýðslög frá árinu 1970 af hólmi, en síðan þá hefur orðið ör þróun í málaflokknum. Ber þar helst að nefna háskólanám í tómsunda- og félagsstarfi á bakkalár- og meistarastigi sem hefur gjörbreytt fagþekkingu á þessu sviði, lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, staðfestingu tilmæla Evrópuráðsins um gæða félags- og tómsundastarf og stefna stjórnvalda um Barnvænt Ísland. Einnig hefur umræða og hugtakanotkun um skipulagt starf barna og ungmenna breyst og nú eru hugtökin æskulýður og æskulýðsstarf minna notuð. Þess í stað er notast við hugtökin tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna.

Framboð og inntak

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi árið 2013. Í honum er meðal annars kveðið á um rétt barna til tómstunda- og skapandi starfs. Börn og ungmenni eiga rétt á að taka þátt í skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi á eigin forsendum. Þau þurfa og eiga rétt á að velja úr fjölbreyttum verkefnum í skipulögðu starfi, sem tekur mið af stöðu og áhuga þeirra hverju sinni. Skipulagt tómstunda- og félagsstarf þarf því að vera sveigjanlegt og aðlagð síbreytilegu umhverfi og hugðarefnum ungs fólks. Börn og ungmenni eru þungamiðjan í tómstunda- og félagsstarfi í nútíð og framtíð. Þau hafa hugmyndir til að efla og þróa samfélagið og áhuga á að koma verkefnum og málefnum í framkvæmd. Þátttaka í skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi er því mikilvægur vettvangur samfélagslegrar þátttöku og stuðlar að mannréttindum, félagslegri aðild, skoðanaskiptum, jafnrétti og virkri þátttöku. Skipulagt tómstunda- og félagsstarf er þannig í grundvallaratriðum félagsleg þjálfun sem hefur áhrif á mótun einstaklingsins og samfélagsins.

Markmið

Fjölbreytt framboð er af innihaldsríku tómstunda- og félagsstarfi fyrir börn og ungmenni sem hefur m.a. félags-, forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi.

Undirmarkmið

Mennta- og barnamálaráðuneytið styður við fjölbreytt framboð tómstunda- og félagsstarfs, sem:

1. er mótað út frá hagsmunum og á forsendum barna og ungmenna, með jafnræði í huga og út frá þörfum þeirra og samfélagsins á hverjum tíma;
2. grundvallast á aðkomu barna og ungmenna að skipulagningu og ákvarðanatöku;
3. gefur þátttakendum færi á að öðlast færni, læra og vaxa með þátttöku í reynslunámi, sem fellur að skilgreiningum um hálfformlegt¹ og óformlegt² nám;
4. gefur þátttakendum möguleika á að prófa sig áfram, afla sér nýrrar þekkingar og finna áhugasvið sitt og braut í lífinu;
5. er fjölbreytt og gefur börnum og ungmennum tækifæri til að takast á við allskyns aðstæður í samskiptum og samstarfi við annað fólk, í öruggu umhverfi og á jafningjagrundvelli;
6. stuðlar að fræðslu fyrir börn og ungmenni um almenn réttindi sín og skyldur, sem og réttindi jaðarhópa, og gefur þeim tækifæri til að beita þeim;
7. virðir skoðanir barna og ungmenna og er uppbyggilegur vettvangur fyrir þátttakendur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri;
8. leggur áherslu á að samsetning hópa sé fjölbreytt er varðar bakgrunn og reynslu, m.a. jaðarhópa.

- 1 Nám sem á sér stað hjá skilgreindum aðila og stendur yfir tiltekið tímabil. Þátttakandi getur verið formlega skráður og námið haft skilgreind uppeldis- og menntunarmarkmið. Yfirleitt er ekki veitt formleg vottun en gjarnan viðurkenning.
- 2 Nám sem felur í sér skipulagt starf sem ekki er beinlínis hugsað sem nám (hvað viðvíkur námsmarkmiðum, námstíma eða námsstuðningi). Óformlegt nám er með ásetningi af hálfu þátttakandans.

Öll börn og ungmenni eiga rétt á þátttöku í tómstundum og skapandi starfi.

2

Rekstrar- og starfsumhverfi

Þeir sem standa að skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi geta starfað á afar fjölbreyttan hátt og unnið með ólík viðfangsefni.

Tómstunda- og félagsstarf getur verið skipulagt af frjálsum félagasamtökum, sveitarfélögum, stofnunum eða öðrum sem standa fyrir skipulögðu starfi. Starfið getur verið á ábyrgð starfsfólks eða sjálfboðaliða en er alltaf í samráði við börn og ungmenni og með virkri þátttöku þeirra hvað varðar starf og ákvarðanatöku. Algengt er að samtök og stofnanir, sem standa að slíku tómstunda- og félagsstarfi, byggja starfsemi sína í kringum ákveðinn hóp barna eða ungmenna, ákveðið áhugamál eða ákveðið málefni. Þannig hafa félagsmiðstöðvar sveitarfélaga það hlutverk að standa fyrir starfi sem er aðgengilegt fyrir alla sem eru á tilteknum aldri á tilteknu svæði. Æskulýðssamtök auk annarra hópa sameina börn og ungmenni með sameiginleg áhugamál í félagslegum tilgangi eða með ákveðnar lífsskoðanir til að berjast fyrir ákveðnum hagsmunum eða málefnum.

Markmið

Forsenda öflugs starfs og uppbyggingar til lengri tíma er að rekstrar- og starfsumhverfi tómstunda- og félagsstarfs barna og ungmenna sé traust, faglegt, öruggt og aðgengilegt fyrir alla.

Tómstunda- og félagsstarf getur líka verið sjálfsprottið hjá óformlegum hópi barna og ungmenna sem hefur áhuga á að vinna að og halda úti verkefnum til lengri eða skemmri tíma. Slík verkefni geta verið tækifæri fyrir samtök og stofnanir til að virkja ný og áhugasöm börn og ungmenni en geta líka verið leið fyrir börn og ungmenni til að vinna verkefni og taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi án aðkomu stofnana og samtaka.

Hver sem skipuleggjandi starfsins er og hvernig sem skipulag þess er, þá byggist starfsemin á sameiginlegum grunni sem er lagaumhverfið, rekstrarforsendurnar og leikreglurnar í kringum starfið, aðgengi og öryggi þátttakenda.

Undirmarkmið

1. Lagarammi rekstraraðila í tómstunda- og félagsstarfi er skýr, ábyrgð og skyldur þeirra aðila sem sinna starfinu skilgreindar og lagaramminn styður við rekstur og þróun starfsins.
2. Gæðaviðmið fyrir rekstur og stjórnun eru forsenda rekstrarfjármögnunar til þeirra sem standa fyrir starfinu, til samræmis við umfang starfseminnar.
3. Aðstaða og tæki sem stuðla að jöfnu aðgengi, faglegu starfi og þróun þess eru til staðar.
4. Aukin fjárframlög til reksturs landssamtaka æskulýðsfélaga eru tryggð og jafnræðis gætt við úthlutun fjármagns.
5. Öll börn og ungmenni hafa jafnan aðgang og jöfn tækifæri til þátttöku.
6. Tómstunda- og félagsstarf er öruggur vettvangur allra barna og ungmenna.
7. Tómstunda- og félagsgeirinn er í samstarfi við aðra viðeigandi aðila í þeim málum sem eru sameiginleg, með það að markmiði að bæta starfið og tryggja samræmi milli málaflokka.

Fjölbreytt tómstunda- og félagsstarf sem byggist á sameiginlegum grunni og er alltaf í samráði við börn og ungmenni og með virkri þátttöku þeirra hvað varðar starf og ákvarðanatöku.

3

Mannauður sem undirstaða

Í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna starfar bæði starfsfólk og sjálfboðaliðar sem eru lykilaðilar samtaka og stofnana þegar kemur að því að tryggja að starfið sé innihalds- og árangursríkt.

Nám í tómstunda- og félagsfræði er grunnur að faglegri framþróun. Starfsfólk og sjálfboðaliðar þurfa að búa yfir þekkingu og færni til að skapa öruggt umhverfi sem börn og ungmenni sækja í. Einnig þurfa þau að búa yfir þekkingu og færni í að styðja við nám og þroska þátttakenda, sem og að vera læs á það hvenær þátttakendur tjá sig og hafa áhrif og hvenær þeir stjórna alfarið. Starfsfólk og sjálfboðaliðar leggja áherslu á að styðja sífellt við börnin og ungmennin og efla þau um leið og þau leitast við að gera sig sjálf óþörf.

Mannauður er forsenda þess að þátttaka í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna hafi forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi.

Markmið

Til staðar er hæft og faglegt starfsfólk og/eða sjálfboðaliðar fyrir tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna.

Undirmerkmíð

1. Auka nýliðun í hópi starfsfólks og sjálfboðaliða.
2. Minnka brottfall sjálfboðaliða og starfsmannaveltu.
3. Hvatar til nýsköpunar og framþróunar í starfinu eru til staðar fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða.
4. Samfelld fræðsla, símenntun og þjálfun er í boði fyrir starfsfólk, sjálfboðaliða og rekstraraðila.
5. Starfsfólk og sjálfboðaliðar eru meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð í starfi.

44

Rannsóknir og þróun

Í tómstunda- og félagsstarfi er jafnmikilvægt og í annarri starfsemi að vita hver staðan er, hvaða árangur hefur náðst og hvað virkar eða virkar ekki. Rannsóknir gegna þar lykilhlutverki og eru forsenda framþróunar og nýsköpunar. Bæði reglubundnar og einstakar rannsóknir skipta máli, rannsóknir sem skoða heildina og rannsóknir sem skoða valda hluta starfsins. Þar sem fé sem varið er til rannsókna er takmarkað er jafnframt mikilvægt að rannsóknargögn og niðurstöður nýtist sem flestum.

Rannsóknir ná, eðli málsins samkvæmt, til fortíðar og nútíðar. Hvað framtíðina varðar þá er nýsköpun og þróun oft drifin áfram af breytingum í samfélaginu, nýjum væntingum þátttakenda og þroska fræðigreina. Mikilvægt er að styðja við slíka þróun eins og kostur er á grunni gagnreyndra aðferða og rannsókna.

Markmið

Virkt og faglegt rannsóknarstarf, gagnreynd þekking og nýsköpun eru undirstaða gæða í tómstunda- og félagsstarfi og uppbyggilegrar þróunar þess.

Aðgerðir byggðar á niðurstöðum rannsókna eru forsenda þess að stefna nái fram að ganga.

Undirmerkið

1. Greiður aðgangur er að niðurstöðum rannsókna sem framkvæmdar eru með opinberu fé.
2. Gagnreyndar aðferðir og rannsóknir, innlendar og erlendar, eru notaðar til framþróunar í starfinu.
3. Rannsóknir sem tengjast tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna eru efldar.
4. Kyngreindar tölur um þátttöku í skipulögðu starfi eru til staðar.
5. Samstarf frjálsra félagasamtaka/sveitarfélaga og háskólasamfélagsins í nýsköpun og þróun er aukið.

Gildissvið

Starf með börnum og ungmennum, sem þessi stefna nær til, er ákvarðað út frá 1. grein æskulýðslaga nr. 70/2007 og er skilgreint sem skipulögð „... félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum“. Lögin skilgreina jafnframt að starfið skuli hafa „... félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda“. Að lokum er tiltekið í lögnum að í „... öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku“.

Til hvers konar starfsemi stefnan nær er frekar skilgreint í 2. grein laganna, eða að stefnan gildi um:

1. starfsemi félaga og félagasamtaka sem sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfböðastarfi og eigin fjármögnun,
2. æskulýðsstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga og í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki um,
3. aðra starfsemi þar sem einkum er sinnt ófélagsbundnu æskufólki í skipulögðu æskulýðsstarfi.

Lögin miðast við starf barna og ungmenna, einkum á aldrinum 6–25 ára. Önnur lög og stefna er til um íþróttastarf og því nær þessi stefna ekki til þess.

Samkvæmt skilgreiningu Íðorðabankans eru tómstundir skilgreindar sem:

Meðvituð athöfn í frítíma sem byggir á frjálsum vali einstaklingsins, skapar tækifæri til reynslu og hefur jákvæð áhrif á velferð og lífsgæði.

Í stefnunni er lögð áhersla á að tryggja ramma og löggjöf sem styður við gæðastarf í samræmi við tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkjanna, nr. CM/Rec(2017)4.

Sjá nánar

Tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins:

► [á íslensku](#)

► [á ensku](#)

► [Æskulýðslög](#)

► [Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)

Útgefandi:

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030
Mars 2022
mrn@mrn.is
www.mrn.is